



# Fréttabréf Landfræðifélagsins



3. tbl. 1. árg. nóvember 1985 • Abm: Tryggvi Jakobsson

## VETRARSTARFID

Segja má að vetrarstarfið hafi byrjað með haustferð félagsins, sem að þessu sinni var farin í Þjórsárdal. Laugardaginn 14. september var farið frá Reykjavík austur á Sel-foss og þaðan upp í Þjórsárdal, með viðkomu í Alviðru í Ölfushreppi, þar sem Sigurður Sigursveinsson sagði frá starfseminni. Í Þjórsárdal var m.a. litið á svæði Skógræktarinnar við Ásólfstaði, hugað að byggðaleifum, farið að Háafossi og komið við í Búrfellsvirkjun. Meðal leiðsögumanna voru Sveinbjörn Rafnsson sagnfræðingur, Haukur Jóhannesson jarðfræðingur, Guðmundur Guðjónsson landfræðingur og Örn Ólafsson líffræðingur, auk Elíнар Erlingsdóttur landfræðings sem bar hita og þunga af skipulagningunni. Ferðin þótti takast með ágætum og voru þátttakendur tæplega 40 talsins.

En nú er komið að fræðslufundum félagsins í vetur. Hinn fyrsti þeirra verður fimmtudaginn 14. nóvember kl. 20:30 í stofu 101 í Lögbergi, húsi lagadeildar. Þá mun Þorvaldur Bragason landfræðingur halda fyrirlestur sem nefnist:

Loftmyndaflug og loftmyndir þýska flughersins af Íslandi í maí til október 1942.

Myndirnar sem eru um 2000 að tölu voru í bresku skjalasafni, en Landmælingar Íslands fengu þær til skráningar og eftirtöku. Í tengslum við skráningu og söfnun upplýsinga var þekkingu safnað um eldri loftmyndir af Íslandi. Í maí s.l. kom út skýrsla hjá Landmælingum Íslands, Fjarkönnunardeild eftir Þorvald Bragason um þetta efni.

Annað er ekki á dagskrá fyrir áramót, en eftir þau, mun Guðrún Gísladóttir landfræðingur ríða á vaðið með fyrirlestri þar sem kynnt verða verkefni sem unnin eru í fjarkönnun við landfræðideild Stokkhólmsháskóla, en þar stundar Guðrún nám. Fyrirlestur Guðrúnar Gísladóttur verður í Lögbergi, fimmtudaginn 16. janúar 1986 kl. 20:30.

Þriðji fyrirlestur vetrarins er svo fyrirhugaður um miðjan febrúar og verður hann sérstaklega tilkynntur síðar. Tilkynningar munu birtast í dagblöðum, sömu viku og fyrirlestrarnir verða.

## ÍSLANDSBOKIN

Eins og alþjóð fer að verða kunnugt, hefur lengi staðið til að koma hér á landi út íslenskri þýðingu bókarinnar ISLAND sem kom út endurskoðuð hjá Gyldendal árið 1983. Erfiðlega gekk að fá útgefanda að verkinu hér, en nú hefur Námsgagnastofnun tekið bókina á sína áætlun fyrir árið 1986. Ritnefnd þriggja manna hefur tekið að sér að ganga frá handriti bókarinnar og skipa hana þau Guðrún Ólafsdóttir, Karl Kristjánsson og Tryggvi Jakobsson.

Það er ljóst að efni bókarinnar þarfnast nokkurrar endurskoðunar og hafa dönsku höfundarnir gefið sitt leyfi til að færa ýmislegt til betri vegar. Það hefur því orðið að samkomulagi í ritnefndinni að meginkaflar bókarinnar verði fimm, þ.e. um jarðfræði, lýðfræði, byggðalandafræði, atvinnulandafræði og umhverfis- og náttúruvernd. Þá verða veigaminni kaflar um ákveðin svæði, þ.e. Vestmannaeyjar, Reykjavík og Örfasveit og loks undirkaflar með atvinnulandafræðinni, um landbúnað, fiskveiðar, iðnað og þjónustugreinar. Eins og áður mun ýmislegt tölfræðiefni fylgja bókinni og verkefni, sem m.a. munu miðast við notkun hennar í efstu bekkjum grunnskóla. Þá er hugmyndin að atriðisorðaskrá verði aftast og ábendingar um annað efni sem að gagni kemur við notkun bókarinnar í skólum. Vonandi hillir nú undir lok þessa undirbúnings, sem dregist hefur um of á langinn.

---

## TÍMARITSÚTGÁFA

Eins og ákveðið var á síðasta aðalfundi félagsins er blaðaútgáfa nú fyrirhuguð með öðru sniði en verið hefur. Stefnt er að því að gefa út tímarit í stærðinni A4, fjölbreytt að efni, svo það hafi til sem flestra. Öllum gefst kostur á að senda greinar, hugmyndir eða athugasemdir til blaðsins og er stefnt að því að það verði opið sem flestum sem á einn eða annan hátt eru að fást við verkefni á sviði landafræði, umhverfismála og annarra skyldra málaflokka. Heimilisfang blaðsins verður hið sama og hjá félaginu sjálfu, þ.e. pósthólf 1341, 121 Reykjavík.

Auglýsingar verða að öllum líkindum einhverjar, enda er útgáfa tímarita fremur kostnaðarsöm. Vonandi verður þó fjöldi þeirra innan hóflegra marka. Ætlunin er að og að selja tímaritið til almennings í verslunum, gegn vægu gjaldi.

Stefnt er að því að á hverju ári komi út tvö tölublað, um 30 bls. að stærð. Er fyrirhugað að hið fyrsta komi út í byrjun næsta árs. Þeir sem kunna að liggja á efni sem erindi á í rit sem þetta eru því eindregið hvattir til að senda það félaginu sem fyrst.

Í ritnefnd sitja þetta storfáir: Ólafur H. Óskarsson, Bryndís Róbertsdóttir, Jón Gauti Jónsson og Magnús Baldursson.



Þessi ljósmynd, sem tekin er úr flugvél yfir Melunum í Reykjavík er úr myndasafni Þorsteins heitins Jósefssonar. Þarna er loftskreytastöðin ásamt Trípólísbó við Suðurgötu. Verið er að byggja íþróttahús Háskólans, en á lóð Þjóðminjasafnsins eru bragar. Að sögn Gísla Halldórssonar arkitekts, er líklegt að myndin sé frá árinu 1946.

#### STJÖRN LANDFRÆÐIFELAGSINS

Formaður: Tryggvi Jakobsson, Leifsgötu 26 101 R.

Varaformaður: Sigríður Haraldsdóttir


Gjaldkeri: Einar Egilsson

Ritari: Karl Kristjánsson

Meðstjórnendur: Árni Stefánsson

Elín Erlingsdóttir

Salvör Jónsdóttir



## FELAGSGJÖLD

Eins og fram kemur í þessu fréttabréfi eru nú fyrirhugað stóratök á sviði útgáfumála hjá félaginu. Tímaritsútgáfa verður vonandi að raunveruleika í byrjun næsta árs og vonandi eiga umsvif félagsins eftir að aukast í framtíðinni. Allt kostar þetta peninga eins og gera má ráð fyrir og þeirra er ekki að vænta frá öðrum en áhugasömum félögum.

Árgjald félagsins fyrir 1985 var á síðasta aðalfundi ákveðið kr. 350,- sem ekki getur talist mikið fé. Það eru eindregin tilmæli stjórnar Landfræðifélagsins, að þeir sem enn eiga ógreidd félagsgjöld, greiði þau hið fyrsta. Hafi gíröseðill glatast má koma greiðslum í pósthólf félagsins, eða til Einars Egilssonar gjaldkera.

**LANDFRÆÐIFÉLAGID**

Pósthólf 1641  
121 Reykjavík

